



Sagnaðartíðindi

Seljasóknar

37. ÁRG. 2. TBL. Aðventa og jól 2016



Seljakirkja í vetrarbúningi

**Kynnið ykkur
fjölbreytta dagskrá
um aðventu, jól og
áramót í Seljakirkju**

Gleði- og friðarjól

Þau voru sár tíðindin sem bárust nú í aðdraganda aðventunnar um að aldrei væri meira um áfengisdrykkju, ofbeldi og heimilisófrið á Íslandi en í desember, sjálfum jólamánuðinum. Þessi þróun hefur ágerst á sama tíma og unnið hefur verið gegn áhrifum kristinnar trúar í samfélaginu, ekki síst í undirbúningi jólahátíðarinnar. Í öllu því annriki og umstangi sem jólunum fylgir er svo mikilvægt að staldra við og íhuga fyrir hvað jólahátíðin stendur. Það eru tíðindin sem við eigum að taka til okkar og sá boðskapur sem við

eigum að láta móta lífstaktinn í desember og árið um kring. Ekkert hefur haft eins mikil og jákvæð áhrif á heiminn og barnið sem fæddist í Betlehem og lagt var í jötu á hinum fyrstu jólum. Til að minna á það fagnaðarerindi er boðið upp á fjölbreytta dagskrá í Seljakirkju á aðventu og helgri jólahátíð og lesa má nánar um í þessu blaði. Þangað eru allir velkomnir til að upplifa bæði gleði- og friðarjól.

Ólafur Jóhann Borgþórsson



Fyrsti sunnudagur í aðventu:

Fjölbreytt dagskrá á aðventukvöldi

Það er hátíðlegt að koma til kirkju á fyrsta sunnudegi í aðventu. Barnaguðsþjónusta verður kl. 11 þar sem kveikt verður á spádómskertinu og dreift verður söfnunarbaukum frá Hjálparstarfi kirkjunnar. Almenn guðsþjónusta hefst kl. 14 þar sem Sigurbjörn Þorkelsson, rithöfundur og Gídeonmaður prédikar og Gídeonmenn lesa ritningarlestra og kynna starfsemi félagsins. Um kvöldið verður aðventukvöld kl. 20 þar sem dagskráin verður með hefðbundnu og

hátíðlegu sniði.

Barnakórinn syngur jólalög undir stjórn Rósalindar Gísladóttur og Magnús Þór Jónsson, skólastjóri Seljaskóla, flytur hugleiðingu. Kór Seljakirkju mun flytja jólatónlist en stjórnandi kórsins er Tómas Guðni Eggertsson. Þá munu Seljurnar, kór Kvenfélags Seljasóknar syngja nokkur lög undir stjórn Svövu Kristínar Ingólfadóttur. Kvöldinu lýkur síðan með heitu súkkulaði og smákökum.

Annar sunnudagur í aðventu:

Í nánd jóla með Þorvaldi Halldórs

Á öðrum sunnudegi aðventunnar, 4. desember, verður kveikt á Betlehems-kertinu í barnaguðsþjónustunni sem verður kl. 11. Undanfarin ár hefur sú hefð fest í sessi að boðið er upp á kvölddagskrá með einhverjum af helstu listamönnum þjóðarinnar sem nefnd hefur verið: „í nánd jóla.“

Að þessu sinni mun hinn kunnir tónlistarmaður, Þorvaldur Halldórsson sjá um tónlistina og leiðir söng og lofgjörð sem endurspeglar tilhlökkun og eftirvæntingu aðventunnar. Sr. Bryndís Malla Elíadóttir mun flytja hugleiðingu þar sem englar koma við sögu sem víða má sjá og finna í desember.

Jólasöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar

Jólasöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar er fólgin í því að sendar eru kröfur í heimabanka þar sem safnað er fyrir vatnsverkefni í Afríku. Fyrir utan að greiða heimsenda gírósedla er hægt að fara á framlag.is og velja málefnið sem gjöfin á að renna til eða

gefa gjafabréf í jólagjöf á gjofsemgefur.is.

Jafnframt má benda á gömlu góðu söfnunarbaukana sem er hægt að fá í Seljakirkju og þeim er svo safnað saman í barnaguðsþjónustu fjórða sunnudag í aðventu.

Vegleg gjöf kvenfélagsins

Kvenfélag Seljasóknar hefur frá upphafi staðið ötulega að baki safnaðarstarfi kirkjunnar. Í haust færði félagið kirkjunni að gjöf tvöfaldan ísskáp í eldhúsið sem mikil þörf var á að endurnýja. Kvenfélaginu eru færðar alúðarpakkir fyrir höfðinglega gjöf og allt það mikla og góða starf sem félagið hefur lagt til kirkjunnar og samfélagsins. Kvenfélagið tekur fagnandi á móti nýjum konum en jólafundur félagsins verður 6. desember kl. 19. Formaður félagsins er Eygló Halla Ingvarsdóttir.

Barnakórinn selur vörur fyrir jólin

Undanfarin ár hefur barnakór kirkjunnar stækkað og dafnað undir styrkri stjórn Rósalindar Gísladóttur og eru kórfélagar nú um sextíu talsins. Næsta sumar hyggst hluti af hópnum fara í tónleikaferð til Ítalíu. Mikill kostnaður fylgir slíku ferðalagi og því standa kórfélagar í fjölbreyttum söfnunum til að fjármagna ferð sína. Liður í því er að eftir fyrsta aðventukvöldið munu kórfélagar selja jólapappír og jólamerkimiða sem þau hafa sjálf myndskreytt. Safnaðarfólk er hvatt til að leggja góðu málefni lið.



Mánaðarlegar kvöldmessur í Seljakirkju

Síðastliðið haust var ákveðið að bjóða upp á aukinn fjölbreytileika í helgihaldi kirkjunnar með því að færa messutímamann, fyrsta sunnudag í hverjum mánuði, til kl. 20. Er óhætt að segja að sú nýbreytni hafi gefist ákaflega vel og verður því áframhald á þessu fyrirkomulagi á vormisseri í febrúar og mars.

Mánaðarlegar menningarvökur eldri borgara

Síðasta þriðjudag í mánuði eru haldnar menningarvökur eldri borgara. Þar er boðið upp á fjölbreytta dagskrá, bæði í tali og tónum. Allar samverurnar hefjast með helgistund og í framhaldinu koma fram fyrirlesarar og tónlistarmenn úr ýmsum áttum. Að lokinni dagskrá er gengið til safnaðarsalar þar sem neytt er góðrar máltíðar að hætti Lárusar Loftssonar, matreiðslumeistara. Þriðjudaginn 29. nóvember n.k. mun Einar K. Guðfinnsson fyrrverandi forseti Alþingis flytja erindi. Þá mun Kór Seljakirkju syngja aðventu- og jólatónlist undir stjórn Tómasar Guðna Eggertssonar. Samveran hefst kl. 18 og tilkynnist þáttaka í síma kirkjunnar: 567 0110.

Þriðji sunnudagur í aðventu:

Tónleikar með Fóstbræðrum

Á þriðja sunnudegi í aðventu, 11. desember verður kveikt á hirðakertinu á aðventukransinum. Við hefjum daginn með barnaguðsþjónustu kl. 11 þar sem Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts mun spila undir stjórn Ásu Berglindar Hjálmarsdóttur. Guðsþjónusta dagsins hefst að venju kl. 14 og mun sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson predika. Síðar sama dag er svo komið að hinum árlegu aðventutónleikum

Karлакórsins Fóstbræðra sem hefjast kl. 17.

Það er orðinn fastur liður hjá mörgum að njóta aðventutónleika Fóstbræðra á þriðja sunnudegi aðventunnar.

Stjórnandi kórsins er sem fyrr Árni Harðarson, meðleikari með kórnum er Tómas Guðni Eggertsson.

Tónleikarnir eru ókeypis og eru allir hjartanlega velkomnir.

Fjórði sunnudagur í aðventu:

Jólaball að lokinni barnamessu

Síðasta sunnudag aðventunnar verður tundrað á englakertinu. Að þessu sinni verður barnaguðsþjónustan með heldur óvenjulegu sniði. Við komum saman í kirkjunni kl. 11, þar sem jólasálmarnir verða sungnir, skilað verður baukunum til Hjálparstarfs kirkjunnar og jólasagan verður sögð. Að því loknu verður

slegið upp jólaballi í safnaðarheimili kirkjunnar, þar sem dansað verður í kringum jólatréð og jólasveinarnir mæta á svæðið og gefa börnunum nammipoka. Tómas organisti spilar á pianóið og allir syngja saman gömlu jólalöggin. Almenn guðsþjónusta verður kl. 14 þar sem sr. Bryndís Malla Elíadóttir prédikar.

Hvenær hefst starfið eftir áramót

Flestir liðir safnaðarstarfsins fara í frí yfir jól og áramót.

Foreldramorgnar halda sinn fyrsta fund á nýju ári þriðjudaginn 10. janúar.

Fyrsta barnaguðsþjónusta nýs árs verður sunnudaginn 8. janúar og **barnakórinn** hefur sína starfsemi mánudaginn 9. janúar.

Miðvikudaginn 11. janúar hefst **leikjafjör KFUM & KFUK** sem og **æskulýðsfélagið Sela**. Fyrstu kennslutímar **fermingarfræðslunnar** verða 10. og 11. janúar og fyrsti fundur **kvenfélagsins** á nýju ári verður sameiginlegur fundur kvenfélagana í Breiðholti, þriðjudaginn 17. janúar.

Guðspjónustur í Seljakirkju um jóla og áramót



24. desember aðfangadagur jóla

- kl. 11 Guðspjónusta í Seljahlíð
Sr. Bryndís Malla Elidóttir prédikar.
Félagar úr Gerðubergskórnum syngja.
- kl. 15 Beðið eftir jólunum
Jólastund fyrir börnin.
Barnakór Seljakirkju syngur og umsjón með
stundinni hafa prestarnir ásamt Báru Sigurjónsdóttur.
- kl. 18 Aftansöngur
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar.
Schola Cantorum syngur.
Leikin verður jólatónlist frá kl. 17.30.
- kl. 23:30 Miðnæturguðspjónusta
Sr. Bryndís Malla Elidóttir prédikar.
Kór Seljakirkju syngur.
Elmar Þór Gilbertsson syngur einsöng.

25. desember jóladagur

- kl. 14 Hátíðarguðspjónusta
Sr. Bryndís Malla Elidóttir prédikar.
Kór Seljakirkju syngur.
Árni Daníel Árnason leikur á trompet.
- kl. 15.30 Guðspjónusta í Skógarbæ
Sr. Bryndís Malla Elidóttir prédikar.
Kór Seljakirkju syngur.

31. desember gamlársdagur

- kl. 18 Aftansöngur
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar.
Kór Seljakirkju syngur.
Sigríður Ósk Kristjánsdóttir syngur einsöng.

1. janúar nýársdagur

- kl. 14 Guðspjónusta - Altarisganga
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar.
Kór Seljakirkju syngur.
- Kl. 15.30 Guðspjónusta í Skógarbæ
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar.
Félagar úr Kór Seljakirkju leiða söng.

Organisti við guðspjónusturnar er Tómas Guðni Eggertsson

Í Betlehem er ;: barn oss fætt. ;:
Því fagni gjörvöll Adams ætt.
;: Hallelúja. ;:

Það barn oss fæddi ;: fátæk mæ. ;:
Hann er þó dýrðar Drottinn skær.
;: Hallelúja. ;:

Hann var í jötu ;: lagður lágt. ;:
en ríkir þó á himnum hátt.
;: Hallelúja. ;:

Hann vegsömuðu ;: vitringar. ;:
hann tigna himins herskarar.
;: Hallelúja. ;:

Þeir boða frelsi' og ;: frið á jörð. ;:
og blessun Drottins barnahjörð.
;: Hallelúja. ;:

Vér undir tókum ;: englasöng. ;:
og nú finnst oss ei nóttin löng.
;: Hallelúja. ;:

Vér fögnum komu ;: frelsarans. ;:
vér erum systkin orðin hans.
;: Hallelúja. ;:

Hvert fátækt hreysi ;: höll nú er. ;:
því Guð er sjálfur gestur hér.
;: Hallelúja. ;:

Í myrkrum ljómar ;: lífsins sól. ;:
Þér, Guð, sé lof fyrir gleðileg jól.
;: Hallelúja. ;:

Valdimar Briem - sb. 73



Safnaðartíðindi Seljasóknar
37. árg. 2. tbl. Aðventa og jól 2016
Seljakirkja
v/Raufarsel 109 Reykjavík. s: 567 0110
Ritstjórn og ábyrgð: Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson
Útlitshönnun: Gisli B. Björnsson
Umbrot: Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson
Prentun: Svansprent hf.
Upplag: 3000 eintök.